


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 06		
Dags.: 29.05.2009		
Höfundur: GLÁ		
Sampykkt: HJS		
Síða 1 af 2	LIM 203	Kennsluáætlun haustönn 2010

Kennari Björg Eiríksdóttir, BJE, bjorg@vma.is, viðtalstími miðvikudaga 10:40-11:20

Áfangalýsing

Nemandinn kynnir sér menningarumhverfi samtíma síns. Farið verður í skilgreiningar á algengum hugtökum í menningarumræðu samtímans og ólík viðhorf sem birtast í þeirri umræðu kynnt. Námið byggist á virkri þátttöku nemandans og frumkvæði þar sem hann kynnist því sem er að gerast í menningarlífinu og metur það út frá eigin forsendum og fjallar um í hópi samnemenda. Hlutverk kennarans er að aðstoða nemendur við undirbúning og úrvinnslu athugana sinna með því að tengja þær við hugmyndafræði og menningarsögu.

Markmið

Að nemandinn...

- skoði og skilgreini listir og menningu líðandi stundar
- geti kynnt athuganir sínar og niðurstöður á skilmerkilegan og fjölbreytilegan hátt
- geti tekið virkan þátt í umræðu um listir og menningu
- geti lagt mat á eigin upplifanir og borið saman við ólík viðhorf
- geti greint, borið saman, og gagnrýnt hönnun, listviðburði, lífsstíl eða fjölmiðla í samtímanum
- geti fjallað um stöðu listar og hönnunar út frá menningar- og sögulegu samhengi
- geti fjallað um ólík listform í samhengi við hefðir, tækifæri, boðsskap, nýjar stefnur og lífsstíl
- geti rætt fagurfræðileg og táknafræðileg álitamál og áttað sig á möguleikum manna til að tjá sig í list og hönnun

Námslýsing

Fjallað er um efnið með fyrirlestrum, vettvangsferðum, umræðum og verkefnavinnu. Nemendur vinna verkefni sem einstaklingar og/eða í hópum. Gestafyrirlesarar fjalla um sérstök viðfangsefni sem tengjast áfanganum. Verkefnavinna, gestafyrirlestrar og ýmislegt það sem vekur athygli nemenda og kennara og tengist viðfangsefnum áfangans verður til umræðu í tímum og leitast verður við að skapa rökræður um viðfangsefnið. Mikið er lagt upp úr opinni og rannsakandi umræðu og því nauðsynlegt að við sýnum hvert öðru virðingu og séum virk.


Gestafyrirlestrar (kl. 14:50 á föstudögum, 4 skipti)

22. janúar, Leikhús, fyrilestur á vegum Leikfélags Akureyrar

5. febrúar, Ketilhús, Guðrún Pálína fjallar um myndlistamanninn Joris Rademaker en yfirlitssýning á verkum hans verður í Listasafninu á Akureyri á þessum tíma.

12. mars, Ketilhús, Tryggvi Ólafsson myndlistarmaður fjallar um verk sín og viðhorf en yfirlitssýning á verkum hans opnar daginn eftir í Listasafninu á Akureyri.

16. apríl, Ketilhús, Inga Arnar fjallar um mastersverkefni sitt þar sem hún tók fyrir íslenskan þjóðbúning

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 06		
Dags.: 29.05.2009		
Höfundur: GLÁ		
Sampykkt: HJS	LIM 203	
Síða 2 af 2	Kennsluáætlun haustönn 2010	

Innkaup Úrklippubók og leikhúsmiði

Úrklippubók

Nemandinn býr til úrklippubók þar sem hann safnar saman ýmsu menningartengdu efni úr fjölmörgum og víðar sem vekur áhuga hans og skrifar um það athugasemdir eða setur fram á annan þann hátt sem hann kýs. Nemandinn getur unnið á myndrænan hátt, gert klippimyndir eða bara límt inn aðgangsmiða, nammibréf eða hvað sem honum finnst sýna samtímann. Eigin þælingar um listir og menningu okkar tíma. Hvernig birtast listir og menning í ykkar lífi? Hvaða myndir horfið þið á? Hvað finnst ykkur merkilegt, skemmtilegt, asnalegt, fyndið, hættulegt o.s.frv?

Í úrklippubókina vinna nemendur einnig ákveðin viðfangsefni sem kennari setur fyrir. Hver nemandi hannar sína bók á persónulegan hátt. Úrklippubókin má vera í rafrænu formi.

Námsmat

Metin er þáttaka nemanda, virkni, vinnuframlag og frumkvæði.

4 skrifleg verkefni 40/45%

Úrklippubók og tímaverkefni 30/35%


Virkni, þátttaka í atburðum og umræðum, ástundun 20%

Mæting 5%

Próflaus áfangi, 100% mætingarskylda.

Með fyrirvara um breytingar

Eftir prófsýnidag geymir skólinn ósótta vinnu í eitt ár án ábyrgðar



**...hvernig lítur hann eiginlega út þessi nútími...
...er hann eitthvað öðruvísi en aðrir nútímar...**

Gangi ykkur vel

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj. eða staðgengils